

Priðjudaginn 14. apríl 1953.

Nr. 24/1953. **Ákærvaldið** (Ólafur Þorgrímsson)
 gegn
Ray Owen Bond (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ákærði, sem er liðsmaður í varnarliði Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, er sóttur til sakar samkvæmt heimild í lögum nr. 110/1951.

Ákæra í máli þessu tekur ekki til brota samkvæmt neinni grein XXII. kafla laga nr. 19/1940.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við 217. gr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing ákærða, eins og afbroti hans er háttað, hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi, en rétt þykir, að varðhaldstími ákærða frá 11. nóvember til 20. desember 1952 komi til frádráttar refsingunni.

Skaðabótakrafa X verður ekki dæmd í þessu máli samkvæmt f-lið 2. tl. 12. gr. viðbótarsamnings um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna, sbr. 1. gr. laga nr. 110/1951, heldur verður hún að sæta meðferð samkvæmt upphafsákvæði 2. tl. 12. gr. sama samnings.

Ekki eru rök til að dæma ákærða til að greiða málflutningslaun talsmanns ríkissjóðs í héraði, en að öðru leyti eiga að vera óröskuð ákvæði héraðsdóms um laun til sækjanda og verjanda í héraði. Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu annars sakarkostnaðar, þar á meðal málflutningslauna til sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 1200 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ray Owen Bond, sæti fangelsi 5 mánuði. Varðhaldstími hans frá 11. nóvember til 20. desember 1952 komi til frádráttar refsingunni.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun sækjanda í héraði, Sigurgeirs Jónssonar hdl., kr. 800.00, laun verjanda í héraði, Halldórs Þorbjörnssonar hdl., kr. 750.00, svo og laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Ólafs Þorgrímssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 8. janúar 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. desember s. l., er af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, dags. 2. desember s. l., höfðað gegn S/Sgt. Ray Owen Bond, slökkviliðsmanni í varnarliði Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, til refsingar fyrir líkamsárás samkvæmt 218. grein, en til vara 217. grein almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, greiðslu skaðabóta samkvæmt kröfu X og til greiðslu alls sakarkostnaðar, fyrir að hafa aðfaranótt 26. okt. 1952 ráðist á X, Keflavík, er hún var stödd í skála á Keflavíkurflugvelli, þar sem slökkviliðsmenn búa, eftir að stúlka þessi hafði neitað honum um líkamlegar samfarir, en af árás þessari hlaut X glóðarauga á hægri auga, marbletti eftir högg á enni, bólgur í andlit, ör og eymsli í öxl og brjóst.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, kveðst vera fæddur 28. marz 1928 í Fayetteville í Arkansas í Bandaríkjunum og hefur hann ei, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Málavextir eru þessir:

X hefur skýrt svo frá, að um kl. 13.00 laugardaginn 25. október hafi hún farið til slökkvistöðvar flugvallarins til þess að heimsækja mann að nafni Val Jóhannsson, er þar vinnur.

Þar sem Valur var á vakt, hafi hann farið með sig inn í eina af setustofum slökkviliðsmanna og kynnt sig fyrir nokkrum mönnum, er þar sátu við skál. Kveðst X hafa verið þarna við drykkju og spil þangað til um kl. 01.00 um nóttina, að því er hún fyrst taldi, en þá fór hún inn í annan hluta slökkvistöðvarinnar, þar sem íslenzkir slökkviliðsmenn búa. Við síðari yfirheyrslur var hún þó ekki viss um, að þessi tími væri réttur. Þannig hagar til í þessum hluta slökkvistöðvarinnar, að í öðrum enda hans er setustofa, sem slökkviliðsmennirnir, er þarna búa, hafa til sameiginlegra afnota, og er fyrst komið inn í setustofuna, þegar gengið er inn í skálann.

Gegnt innganginum eru 2 samliggjandi herbergi, en á hægri hönd, þegar inn er komið, er langur, þröngur gangur. Tvö herbergi eru beggja megin við gang þennan, en fyrir enda hans eru tvö samliggjandi herbergi og til hliðar við þau er eitt herbergi.

X kveðst hafa gengið í gegnum setustofuna, þar sem nokkrir Íslendingar og Amerikanar sátu að drykkju. Var hún á leið til salernis, en það er fremst á vinstri hönd, þegar komið er inn í ganginn. Er X var komin inn í ganginn, segir hún, að skyndilega hafi verið þrifið í sig, henni hent inn í herbergi og upp í rúm. Kveður hún árársarmanninn, ákærða í máli þessu, hafa reynt að knýja sig til samfara, reynt að rífa utan af sér fötin, en ekki tekizt. Kallaði X á hjálp og veitti mótspyrnu eftir mætti. Er X ekki vildi láta að vilja ákærða, segir hún að hann hafi byrjað að slá sig í andlitið og misþyrma sér, þar til hún vissi ekki af sér, en áður varð hún þess vör, að ákærði spratt á fætur og fór út úr herberginu og kveðst hún þess viss, að honum hafi ekki tekizt að koma fram vilja sínum. Lá X svo þarna í rúminu til morguns, er slökkviliðsmenn komu að henni og tilkynntu lögreglunni á Keflavíkurlugvelli um atburð þennan.

Þar sem X taldi sig örugglega mundu þekkja árársarmanninn, ef hún sæi hann aftur, fóru þeir lögregluþjónarnir Elías Jón Jónsson og Kjartan Henry Finnbogason aftur með hana upp á slökkvistöð flugvallarins, eftir að læknir í Keflavík hafði athugað meiðsli hennar og gert að þeim. Benti X á árársarmanninn, ákærða í máli þessu, úr hópi 6 eða 7 slökkviliðsmanna, sem sérstaklega höfðu verið tilkvaðir.

Ákærði, Ray Owen Bond, hefur borið, að hann hafi komið inn í skála þann, þar sem íslenzku slökkviliðsmennirnir búa, um kl. 23.00 á laugardagskvöldið 26. október. Þar hafi þá verið fyrir í setustofunni tvær íslenzkar stúlkur, tveir íslenzkir slökkviliðsmenn og tveir amerískir. Kveðst ákærði fyrst hafa séð X, er hún kom í dyrnar, sem eru á milli gangsins og dagstofunnar. Stóð hún þar við nokkur augnablik, en gekk því næst inn í ganginn og sá ákærði ekki, hvert hún fór. Nokkru síðar kveðst ákærði hafa verið staddur í ganginum, og hafi þá X komið út úr einu herbergjanna. Kveðst ákærði hafa haft orð á því við hana, að hún væri mjög drukkin, en hún hafi ekki anzað því neinu. Í þessu segir ákærði, að einhver maður, sem hann ekki bar kennsl á, hafi komið inn ganginn og staðnæmzt við hlið stúlkunnar. Gekk ákærði þá aftur fram í setustofuna, sem þá var orðin mannlau.

Eftir um það bil hálfra klukkustund kveðst ákærði hafa farið inn í eitt svefnherbergjanna við ganginn og lá þá stúlkan þar upp í rúmi. Hefur ákærði viðurkennt að hafa lagzt upp í rúmið hjá X í þeim tilgangi að hafa samfarir við hana, en þar sem hún vildi ekki þýðast hann, hafi hann farið í burt eftir nokkrar mínútur. Kveðst hann hafa farið í burtu af slökkviliðsstöðinni og beina leið heim til sín. Ekki veit hann, hvað klukkan var þá.

Í fyrstu neitaði ákærði því algerlega að hafa barið X í andlitið eða misþyrmt henni á nokkurn hátt. Við síðari yfirheyrzlu breytti ákærði þessum framburði sínum og játaði, að hann hefði slegið stúlkuna með flötum lófa hægri handar og hafi höggið komið á vinstri kjálka hennar. Kvað hann stúlkuna hafa klórað sig og hafi hann þá orðið reiður. Hins vegar hefur ákærði staðfastlega neitað, að áverkar stúlkunnar hafi getað hlotizt af þessu eina höggi.

Frekara samræmi hefur ekki náðst í framburði ákærða og X.

Skal nú rakinn framburður vitna þeirra, sem voru í boði íslenzku slökkviliðsmannanna umrætt kvöld.

Vitnið Arvell Bryant Williams ber, að X hafi komið inn í setustofu íslenzku slökkviliðsmannanna milli kl. 23.00 og 24.00 og hafi ákærði komið 15—20 mínútum á eftir henni. Kveður vitnið X hafa verið mjög drukkna, hafi hún dottið í áðurnefndum gangi og vitnið reist hana við. Vitnið segir, að það hafi aðeins staðið við í 5—10 mínútur eftir að ákærði kom og hafi það farið í burt af slökkvistöðinni um miðnætti ásamt félaganum, Burton Tingle. Var ákærði einn eftir í setustofunni, er þeir fóru.

Vitnið Walter Burton Tingle skýrir frá atvikum mjög á sama veg og vitnið Williams. Það kveður X hafa verið alldrukkna. Hún hafi dottið í ganginum og hafi þeir Magnús Ólafsson og Guðmundur Pétursson reist hana á fætur.

Vitnið Gunnar Pétursson kveðst hafa farið til Keflavíkur ásamt Magnúsi Ólafssyni um kl. hálf tólf. Með þeim voru 2 stúlkur, sem þeir höfðu verið að skemmta sér með. Vitnið mætti X í ganginum nokkru áður en það fór. Einnig mætti vitnið ákærða þar og tóku þeir tal saman. Var ákærði að sögn vitnisins í setustofunni, er það fór ásamt Magnúsi og stúlkunum. Einnig minnir vitnið, að þeir Williams og Tingle hafi orðið eftir.

Vitnið Magnús Ólafsson kveðst hafa mætt X á margnefndum gangi. Hafi hún þá verið að koma út úr herbergi Guðmundar Péturssonar slökkviliðsmanns, en það er innra herbergið við ganginn á vinstri hönd, þegar gengið er inn. Virtist vitninu hún alldrukkinn og kveður hana hafa misst af sér annan skóinn og hafi einhver hjálpað henni í hann. Er vitnið var á leiðinni fram í setustofuna, heyrði það hávaða og sá, er það leit um öxl, að X hafði dottið á gólf. Vitnið kveður ákærða hafa verið í setustofunni, er það fór í burtu af slökkvistöðinni ásamt Gunnari Péturssyni og stúlkunum.

Vitnið segir, að Guðmundur Pétursson hafi verið á leiðinni inn á slökkvistöðina, er það var að fara út.

Þeir Gunnar og Magnús komu ekki aftur upp á slökkvistöðina þessa nótt.

Vitnið Guðmundur Pétursson slökkviliðsmaður hefur borið, að hann hafi farið til Keflavíkur um kl. 22.00. Ekki man vitnið með vissu, hvenær það kom upp á slökkvistöðina, en haldið hefur það því fram, að ákærði hafi opnað fyrir því útidyrnar, vegna þess að það hafi ekki haft lykil að þeim. Er vitnið kom inn í setustofuna, voru þeir Williams og Tingle þar fyrir. Kveðst vitnið hafa staldrað við þar í 10—15 mínútur og hafi þá annað hvort Williams eða Tingle beðið sig um að fara ekki inn í sitt eigið herbergi, vegna þess að ákærði væri þar inni með stúlkunni, að því er vitninu skildist. Fór vitnið því inn í annað herbergi, sem er rétt við þess eigið, og lagði sig þar. Er vitnið hafði legið þarna skamma hríð, heyrði það karlmansródd innan úr sínu herbergi segja: „Shut up and

split your legs.“ Eftir það heyrði vitnið eitthvert uml í stúlku, en gat ekki greint orðaskil.

Vitnin Arvell Bryant Williams og Walter Burton Tingle hafa báðir eindregið mótmælt þessum framburði Guðmundar Péturssonar, að því er þá varðar. Vitnið Walter Burton Tingle hefur haldið því fram, að Guðmundur Pétursson hafi verið sofnaður í öðru herbergi en sínu eigin, áður en það og William fóru burtu. Hefur ekki náðst samræmi í framburð þessara vitna.

Auk Guðmundar Péturssonar urðu þrír aðrir slökkviliðsmenn, er búa í skálum, sem áfastir eru við skála Íslendinganna, varir við hávaða þessa umræddu nótt, er stafaði af viðureign á milli karlmanns og kvenmanns. Ennfremur varð Robert Clyde Sparkman, er býr í sama hluta slökkviliðstöðvarinnar og Íslendingarnir, þessa var.

Skal nú framburður þessara vitna rakinn.

Vitnið Anthony Szlinga slökkviliðsmaður var nýháttður í herbergi, sem er áfast við híbýli Íslendinganna. Það kveðst hafa heyrt stúlku æpa a. m. k. tvisvar sinnum og virtist vitninu hljóðið koma frá híbýlum íslenzku slökkviliðsmannanna. Telur vitnið, að þetta hafi verið um miðnætti.

Vitnið Elbert Edwin Emmons slökkviliðsmaður kveðst hafa verið nýkominn inn í skálann, sem það sefur í, en milli hans og herbergja Íslendinganna er einn veggur. Heyrði vitnið þá hávaða og karlmansrödd, er því virtist koma frá svefnklefum Íslendinganna, segja: „Shut up or I will hit you again,“ og síðar, „Shut up and split your legs.“ Heyrði vitnið kvenmann æpa „no, no, no,“ en karlmansröddin sagði „Be quiet“.

Eitt skiptið segir vitnið, að kvenmaðurinn hafi byrjað að segja eitthvað, en þagnað allt í einu, eins og henni væri varnað máls. Telur vitnið, að það hafi verið um miðnætti, sem það heyrði þetta, og hafi það heyrt þennan hávaða í a. m. k. stundarfjórðung.

Vitnið Frank Cornelius slökkviliðsmaður var í sama herbergi og vitnið Emmons. Það kveðst hafa heyrt konugrát og síðan hafi kvenmaður hrópað „Don't“ eða eitthvað á þá leið 2—3 sinnum. Einnig heyrði vitnið karlmansrödd, sem sagði „Shut up and open your legs“ eða eitthvað á þá leið. Var þetta á milli kl. 24.00 og 01.00. Telur vitnið sig hafa heyrt raddir þessar allt að því hálfra klukkustund. Um kl. 01.00 voru vitnið og Emmons kvaddir út og voru þeir fjarverandi í 3—4 stundarfjórðunga. Er þeir komu aftur, urðu þeir einskis varir.

Vitnið Robert Clyde Sparkman slökkviliðsmaður býr í sömu álmu og íslenzku slökkviliðsmennirnir. Það kom í herbergi sitt um kl. 15 mínútur í 01.00. Milli herbergis vitnisins og herbergis Guðmundar Péturssonar, sem X var í morguninn eftir árásina, er eitt herbergi fremur lítið. Vitnið kveðst hafa heyrt hálf niðurbælt hljóð í kvenmanni og kvenmansrödd segja: „Dont do that to me“ eða eitthvað á þá leið. Þá heyrði vitnið karlmansrödd, er sagði: „Hush up.“ Vitnið gekk nú inn í næsta herbergi við hliðina á sínu og gekk eftir ganginum, sem liggur eftir endilangri álm-

unni og inn í setustofuna. Ekki varð vitnið mannaferða vart á þessari leið, en heyrði, er það gekk fram hjá herbergi Guðmundar Péturssonar, að hávaðinn í karlmanninum og kvenmanninum kom þaðan.

Er vitnið kom aftur inn í sitt eigið herbergi, heyrðist einhver koma út úr herbergi Guðmundar Péturssonar og ganga fram ganginn í áttina til dagstofunnar. Eftir þetta fór vitnið út og inn í annan hluta slökkvistöðvarinnar. Um kl. 02.00 kom það aftur í sitt eigið herbergi og varð þá ekki neins vart. Ekkert þessara vitna kveðst hafa gert sér grein fyrir því, að neitt alvarlegt væri á seyði.

Lögreglan athugaði, hvort aðrir af þeim, sem búa í þessum hluta slökkvistöðvarinnar, hefðu verið heima þessa nótt og leiddi sú rannsókn í ljós, að svo var ekki.

Í vottorði Karls G. Magnússonar héraðslæknis, sem skoðaði X morguninn eftir árásina, er áverkum hennar lýst svo: „Glóðarauga á h. auga. Marblettir eftir högg á enni h. megin. Hægri kinnbein og allur andlits-hellingur rauður og mjög bólgin og helaumur viðkomu. Báðar varir stökkbólgnar. Vinstri neðra kjálkabein bólgið og mjög aumt viðkomu. Hægri öxl marin og aum og marblettir á h. brjósti og brjóstbeini. Hreyfingar í axlarlið sárar.“

Framburðir þeirra 5 vitna, sem urðu vör viðureignarinnar á milli karlmannsins og kvenmannsins umrædda nótt, benda eindregið til þess, að amerískur karlmaður hafi verið að leitast eftir samförum við kvenmanninn, en hún hafi ekki viljað þýðast hann og veitt mótspyrnu. Einnig benda framburðir þessara vitna til þess, að viðureignin hafi farið fram í herbergi Guðmundar Péturssonar. Ákærði í máli þessu hefur viðurkennt að hafa farið inn í herbergi til X á því tímabili, sem vitni heyrðu viður-eignina, lagzt upp í rúm til hennar í þeim tilgangi að hafa samfarir við hana, hún hafi klórað sig í andlitið svo hann reiddist og lamdi hana eitt högg á vinstri kjálkann með flötum lófanum.

Vitnið Guðmundur Pétursson hefur borið, að hann hafi þekkt rödd ákærða og sagði hann X frá því, að það mundi hafa verið ákærði Bond, er réðist á hana. X, sem kveðst ekki hafa þekkt neinn mann með nafni ákærða, benti hiklaust á ákærða úr hópi 6 eða 7 manna, er til voru kvaddir. Það er upplýst, að auk ákærða og X voru aðeins þeir Guðmundur Pétursson og Robert Clyde Sparkman heima í þessum hluta slökkvistöðvarinnar, er atburður þessi gerðist.

Af því, sem nú er rakið, lítur rétturinn svo á að sannað sé, að ákærði, Ray Owen Bond, hafi aðfaranótt 26. október síðastliðinn veitt stúlkunni X áverka þá, sem hún hlaut þessa nótt, er hún neitaði honum um líkamlegt samneyti.

Með hliðsjón af eðli áverka þeirra, sem X hlaut, lítur rétturinn svo á, að brot ákærða beri að heimfæra undir 217. grein almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Ákærði var hafður í fangelsi hjá hernum frá 26. október til 20. desember og skal sá tími koma til frádráttar refsivist hans með fullri

dagatölu. X hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér alls krónur 10.470.00 og sundurliðar hún kröfu sína þannig:

1. Skoðun og vottorð Karls Magnússonar læknis kr.	20.00
2. Viðgerð og nýsmíði á gerfigóm	— 350.00
3. Röntgenskoðun	— 100.00
4. Bætur fyrir mizka, þjáningar og óþægindi	— 10.000.00

Kr. 10.470.00

Umboðsmenn ákærða og ríkissjóðs hafa krafizt sýknu af öllum skaðabótakröfum, en til vara mótmælt lið 4 sem alltof háum. Rétturinn verður að telja, að nægileg rök hafi verið færð fyrir lið 1—3 og beri að taka þá til greina að öllu leyti, en bætur samkvæmt lið nr. 4 þykja hæfilega ákveðnar kr. 3500.00.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma ákærða til að greiða X kr. 3970.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin þóknun skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar hdl., kr. 800.00, þóknun til skipaðs verjanda, kr. 750.00, og til umboðsmanns fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ray Owen Bond, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fangavist ákærða hjá hernum frá 26. október til 20. desember skal koma til frádráttar refsivist hans með fullri dagatölu.

Ákærði greiði X kr. 3970.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin þóknun til skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar hdl., kr. 800.00, þóknun til skipaðs verjanda, Halldórs Þorbjörnssonar hdl., kr. 750.00, og til umboðsmanns fjármálaráðherra, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.